

# Skýrsla stjórnar foreldrafélags Tjarnarskógar

- starfsárið 2019 - 2020 -

Nýskipuð stjórn hittist jákvæð fyrir komandi starfsári þann 2. september 2019 og skipti með sér hlutverkum þannig;

Formaður: Þorgeir Arason

Gjaldkeri: Elísabet Tómasdóttir

Ritari: Björg Eypórsdóttir

Meðstjórnendur: Lilja Kristín Jónsdóttir & Eygló Jóhannesdóttir

Við skipulögðum okkur með margt gott í huga en svo varð kannski heldur lítið úr okkar plönnum því miður. Við funduðum tvisvar yfir árið auk þess sem við hittumst tvisvar við undirbúningsvinnu t.d. þegar við aðstoðuðum jólasveinana í desember og aftur fyrir Dag leikskólans í febrúar. Öll önnur samskipti og skipulagsvinna fór fram í gegnum lokaðan hóp á facebook.

Fyrir áramót aðstoðuðum við jólasveinana við gjafakaup og innpökkun auk þess sem starfsfólk fékk konfekt á kaffistofuna frá okkur. Fyrirhuguð var fræðsla fyrir foreldra en því miður frestaðist hún um óákveðinn tíma. Soroptomistaklúbbur Austurlands saumaði og gaf leikskólanum taupoka undir blaut föt barnanna. Foreldrafélagið ákvað að styrkja félagið á móti um 50 þúsund krónur sem fóru í sjóð til kaupa á stól sem nýtist við iðjuþjálfun.

Eftir áramót héldum við upp á Dag leikskólans þann 6. febrúar ásamt foreldraráði. Birt var grein í Austurfrétt um leikskólastarfið auk þess sem starfsfólk leikskólans fékk glaðning á kaffistofuna. Fyrirhuguð var sveitaferð fyrir börnin í maí og sumarhátíð í samstarfi við leikskólann sem því miður þurfti að víkja fyrir aðstæðum í samfélaginu (COVID-19). Markmið okkar á vorönninni var að gera starf foreldrafélagsins sýnilegra og reyndum við það t.d. með póstum á facebook síðu

foreldrafélagsins.

Við keyptum sólarvörn fyrir börnin og einnig var rætt um að kaupa búnað fyrir þrautabraut í hreyfisalinn að beiðni iðjuþjálfans í leikskólanum en foreldrar útskriftarárgangsins tóku þau kaup að sér og gáfu leikskólanum sem kveðjugjöf.

Aðalfundur var síðan á dagskrá 12. maí en aftur vegna samfélagsaðstæðna reyndist ekki unnt að halda hann þá. Hann er síðan haldinn nú 29. júní og fengum við hið marg-fyrirhugaða fræðsluerindi um svefn barna frá Elísu Guðnadóttur.

Mannabreytingar verða í stjórninni okkar nú og bíðum við spennt eftir nýju og vonandi afkastameira starfsári með nýrri stjórn.

- Björg Eyþórsdóttir, ritari foreldrafélagsins